



Úthlutun styrkja úr Rannsóknarsjóði sildarútvegsins á árinu 2015

Sigurjónstyrkur (doktorsverkefni)

Á árinu 2015 styrkir Rannsóknarsjóður sildarútvegsins eitt doktorsverkefni um 5 milljónir króna og samtals yfir þriggja ára tímabil 15 milljónir króna. Styrkurinn heitir Sigurjónsstyrkur eftir prófessor Sigurjóni Arasyni. Styrkurinn er til rannsókna á líffræði síldar, veiðum, vinnslu og markaðssetningu afurða og annarra uppsjávarfiska.

Heiti verkefnis: Áhrif rauðátu (*Calanus finmarchicus*) á gæði uppsjávarfiska og stýring vinnsluferla.

Verkefnisstjóri og aðalleiðbeinandi: María Guðjónsdóttir, Háskóli Íslands.

Doktorsnemi: Stefán Þór Eysteinnsson.

Samstarfsaðilar: Háskóli Íslands, Síldarvinnslan, Skinney - Þinganes og Matís.

Markmið verkefnis: Skaðsemi rauðátu við vinnslu uppsjávarfiska verður metin og hvernig best sé að stýra vinnslu og geymslu afurða. Einnig verða áhrif rauðátu á mjöl- og lýsisvinnslu rannsökuð. Þess utan verða eiginleikar átunnar rannsakaðir og hvort nýta megi hana á einhvern hátt

Fræðslu- og kynningarverkefni

Rannsóknarsjóður sildarútvegsins styrkir námsefnisgerð í grunnskólum og fyrir sjávarútvegstengt nám á framhaldskólastigi. Gerð er krafa um að fræðslu- og kynningarefni styrkt af sjóðnum verði öllum aðgengilegt á netinu án gjalds. Á árinu 2015 styrkir Rannsóknarsjóður sildarútvegsins þrjú fræðslu- og kynningarverkefni í sjávarútvegi. Hvert verkefni fær 3 milljónir króna í styrk og er því heildarstyrkuppþæð nýrra verkefna samtals 9 milljónir króna. Eftirtalin verkefni eru styrkt að þessu sinni:

Heiti verkefnis: Handbók um frystingu og þíðingu sjávarafurða.

Verkefnisstjóri: Páll Gunnar Pálsson, Matís.

Markmið verkefnis: Taka saman hagnýtar upplýsingar um frystingu og þíðingu sjávarafurða, með svipuðum hætti og gert hefur verið í Salfiskhandbókinni, Þurrkhandbókinni og Ferskfiskhandbókinni.

Heiti verkefnis: “Sjómannaskólinn” – Gagnvirkt námsefni fyrir framhaldsskóla um sjálfbærar fiskveiðar.

Verkefnisstjóri: Árni Gunnarsson, Skotta ehf.

Samstarfsaðilar: Fjölbrotarskóli Norðurlands vestra og Fisk Seafood.

Markmið verkefnis: Að nýta kvikmyndaupptökur til sjós til að gera gagnvirkt kennsluefni fyrir nemendur í lífsleikni og líffræði í framhaldsskólum. Gerð verða tvö 30 mínútna fræðslumyndbönd um veiðar og vinnslu fiskistofna á Íslandsmiðum, ásamt, ítarlegri og spurningatextum, sem nýtast við umræður í kennslustundum eftir sýningu efnisins.

Heiti verkefnis: Myndbönd um störf í uppsjávariðnaði – Verðmætasköpun með hátækni búnaði.

Verkefnisstjóri: Hörður Sævaldsson, Háskólinn á Akureyri.

Samstarfsaðilar: Sjávarútvegsmiðstöðin við Háskólann á Akureyri og N4.

Markmið verkefnis: Verkefnið gengur út á það að gera 8-10 áhugaverð myndbönd um störf í uppsjávariðnaði á Íslandi. Kynnt verða flest störf í ferlinu frá veiðum og vinnslu, auk starfa sem tengjast rekstri, stjórnun og markaðssetningu. Markmiðið með verkefninu er að draga fram hversu spennandi vettvangur iðnaðurinn er og vekja þannig áhuga á þeim fjölbreyttu störfum sem unnin eru í sjávarútvegi.